

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 75. gr. reglnanna:

- a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands skiptist í Verkefnasjóð og Doktorsstyrkjasjóð. Verkefnasjóður veitir styrki til rannsóknarverkefna akademískra starfsmanna og Doktorsstyrkjasjóður styrki til framfærslu doktorsnema.
- b. Á eftir 1. másl. 1. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Um Doktorsstyrkjasjóð Háskóla Íslands gilda sérstakar reglur.
- c. 3. mgr. orðast svo:

Stjórn Rannsóknasjóðs er skipuð formönnum fimm sjálfstæðra fagraða, einu fyrir hvert fræðasvið. Rektor skipar fagraðin, sem í sitja fjórir til fimm sérfræðingar og þar af skal einn vera í meginstarfi utan háskólans. Rektor skipar formann fyrir hvert fagrað og formann stjórnar Rannsóknasjóðs, sem ekki á sæti í fagraðum. Hlutverk fagraða er að annast faglegt mat og forgangsriðun umsókna í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands vegna verkefnastyrkja og doktorsstyrkja. Formenn fagraða halda reglulega samráðsfundi meðan á mati umsókna stendur. Faglegt mat skal byggjast á viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Verkefnisstjóri á vísinda- og nýsköpunarsviði háskólans starfar með stjórn sjóðsins og fagraðum.
- d. Á eftir 2. másl. 4. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs um styrkveitingar eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.
- e. 7. mgr. orðast svo:

Vísindanefnd háskólaráðs ákveður styrkuppþæð, skiptingu fjár á milli Verkefnasjóðs og Doktorsstyrkjasjóðs og setur stjórn Rannsóknasjóðs og fagraðum viðmið um úthlutun.
- f. Í stað orðsins „sjóðnum“ í lok 1. másl. 8. mgr. kemur: sjóðunum.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 11. nóvember 2019.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.